



# LJÓSRIT

## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Ár 2012, þann 10. maí er í innanríkisráðuneytinu kveðinn upp svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r**

í máli nr. IRR 12040148

**Kæra Guðbjargar Guðmundsdóttur**

**á ákvörðun**

**Flugmálastjórnar Íslands**

### **I. Kæruefni**

Með stjórnslukæru móttækinni 16. apríl 2012 kærði Guðbjörg Guðmundsdóttir (hér eftir nefnd GG), kt. 210455-4859, Lágholtsvegi 11, Reykjavík, ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands (hér eftir nefnd FMS) um að aðhafast ekkert vegna kvörtunar hennar vegna neitunar um far með flugi Iceland Express (hér eftir nefnt IE) 5W501 þann 8. október. Kæruheimild er í 3. mgr. 126. gr. c loftferðalaga nr. 60/1998 og 10. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands nr. 100/2006.

### **II. Málsatvik**

Málsatvik eru þau þann 8. október 2011 átti GG bókað far með flugi IE 5W501 frá Keflavík til

þar sem það væri hlutverk dómstóla að skera úr um slíkt. Kærði GG ákvörðun FMS með tölvubréfi dags. 16. apríl 2012.

### **III. Ákvörðun Flugmálastjórnar**

Í ákvörðun FMS kemur fram að neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hafi hagsmuna að gæta sem telji að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt loftferðalögum eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geti beint kvörtun til FMS, sbr. 1. mgr. 126. gr. c loftferðalaga. Stofnunin taki málið til skoðunar í samræmi við ákvæði laganna og stjórnsýslulaga og skeri úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c og 140 gr. loftferðalaga. Sé sú ákvörðun bindandi.

Um réttindi farþega sem neitað er um far sé fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður. Hafi hún verið innleidd hér á landi með reglugerð nr. 574/2005. Samkvæmt 2. gr. þeirrar reglugerðar sé FMS sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar sbr. 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Um þau tilvik þegar farþega er neitað um far sé fjallað í 4. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Af ákvæðinu að dæma skapi það flytjanda eingöngu bótaskyldu í því tilviki þegar hann neitar farþega um far þar sem flugið er yfirbókað en bjóði honum bætur í staðinn. Þessi túlkun á ákvæðinu fái stoð j-lið 1. mgr. 2. gr. en þar sé að finna skilgreiningu á hugtakinu „farþega neitað um far“. Með því sé átt við að farþega sé meinað að ganga um borð þótt hann hafi gefið sig fram til þess samkvæmt skilyrðunum sem mælt er um fyrir í 2. mgr. 3. gr. nema réttmætar ástæður séu

farþegi í fluginu. Það hafi verið mat fyrstu flugfreyju og flugstjóra að GG myndi valda öðrum farþegum miklu ónæði um borð í flugvélinni vegna hegðunar hennar og annarlegs ástands og gæti jafnvel stefnt öryggi í hættu. Þess vegna hafi þau tekið ákvörðun um að GG færi ekki með fluginu. IE telji flugstjóra og fyrstu freyju hafa verið í fullum rétti með þessari ákvörðun og telji félagið að GG hafi fyrirgert rétti sínum til flugsins af fyrrgreindum ástæðum og eigi ekki rétt til endurgreiðslu flugmiðans. Engu að síður hafi félagið ákveðið að endurgreiða flugvallaskatta vegna flugsins til Lundúna og síðan þaðan til Keflavíkur.

Samkvæmt 2. mgr. 40. gr. loftferðalaga hafi flugstjóri æðsta vald í loftfari. Honum sé heimilt þegar nauðsyn beri til að synja viðtöku í loftfar eða vísa úr því flugverjum, farþegum eða varningi og farangri, sbr. 4. mgr. 42. gr. loftferðalaga. Þar sem 42. gr. sé nánast samhljóða 45. gr. eldri loftferðalaga nr. 34/1964 sé umfjöllun um ákvæðið að finna í greinargerð með því frumvarpi sem varð að þeim lögum. Um ákvæðið segi greinargerð m.a. að skipunarvald flugstjórans miði að því að auka öryggi loftfars, farþega og flutnings og beri honum að beita því í þessu skyni og með þeirri tillitsemi sem kostur er.

Af gögnum málsins sé ljóst að GG hafi verið neitað um far með umræddu flugi IE vegna þess að flugstjóri og fyrsta freyja hafi talið hana kunna að valda ónæði um borð í flugvélinni og jafnvel stofna öryggi í hættu. Af þeim sökum falli tilvikið ekki undir reglugerð EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð nr. 574/2005, sbr. j-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar EB 261/2004. Samkvæmt 4. mgr. 42. gr. loftferðalaga sé flugstjóra heimilt að synja farþega um inngöngu í loftfar til að auka öryggi loftfarsins. Sú ákvörðun flugstjóra umrædds flugs að neita GG um far af þessum ástæðum verði ekki endurskoðuð af FMS. Þá geti FMS ekki tekið afstöðu til réttinda GG til bóta eða endurgreiðslu flugfarsins. Það sé hlutverk dómstóla að skera úr um það.

hafi lögreglumaður og lögreglukona birst og beðið GG að koma með sér sem hún hafi fúslega orðið við. Kveðst GG hafa beðið þau um að taka skýrslu af henni auk þess sem GG kvaðst reiðubúin að gangast undir blóðprufu. Kveðst GG hafa verið ódrukkin. Þegar GG hafi spurt hvenær hún kæmist til London hafi lögreglumaðurinn svarað á þann veg að hún gæti farið með næsta flugi sem væri daginn eftir. Telur GG að ástæða þess að hún hafi ekki fengið að ganga um borð í vélina hafi verið sú að nafngreind persóna hafi verið á ferðinni og fengið sætið hennar.

#### **V. Niðurstaða ráðuneytisins**

Ákvörðun FMS sem hér er til umfjöllunar lýtur að því að aðhafast ekkert vegna kvörtunar GG varðandi ástæður þess að henni var meinað að ganga um borð í flugvél IE þann 8. október 2011. Byggir FMS á því að ákvörðun flugstjóra um að neita GG um far verði ekki endurskoðuð af stofnuninni auk þess sem FMS geti ekki tekið afstöðu til réttinda GG til bóta eða endurgreiðslu flugfarsins. Telur ráðuneytið að í gögnum málsins komi afstaða beggja aðila fram með fullnægjandi hætti og því hafi ekki verið sérstök þörf á því að óska eftir umsögn FMS vegna kærunnar.

Líkt og fram kemur í ákvörðun FMS er fjallað um réttindi farþega sem neitað er um far í reglugerð EB nr. 261/2004 sem innleidd var hér á landi með reglugerð nr. 574/2005. Um þau tilvik þegar farþega er neitað um far er fjallað í 4. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Er ráðuneytið sammála því mati FMS að af ákvæðinu að dæma skapi það flytjanda eingöngu bótaskyldu í því tilviki þegar farþega er neitað um far þar sem flugið er yfirbókað en býður honum bætur í staðinn.


Samkvæmt 2. mgr. 40. gr. loftferðalaga hefur flugstjóri æðsta vald í loftfari. Samkvæmt 4. mgr.

ákvörðun flugstjóra flugvélarinnar því ekki endurskoðuð af FMS. Verður hin kærða ákvörðun því staðfest.


### Úrskurðarorð

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Fyrir hönd ráðherra



Bryndís Helgadóttir



Brynjólfur Hjartarson